

Nd.

708. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði í fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög (Kreditforeninger) erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—3. gr. getur.

2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skulda-brjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

3. gr.

Um sölu á fasteignum hefir fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

4. gr.

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.